

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Heimsping kvenleiðtoga – Reykjavík Global Forum, nr. 383/2023.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Markmið stofnunarinnar er að efla og auka þátttöku og völd kvenna á öllum sviðum með því að skapa vettvang og tækifæri á samtali og samstarfi um aðgerðir sem helst geta aukið jafnrétti. Stofnunin er sjálfstæð, alþjóðleg og þverpólítísk, stofnuð í þeim tilgangi að stuðla að framþróun samfélagsins með því að byggja stuðningsnet milli kvenleiðtoga heimsins, hvort sem þær starfa á sviði stjórn mála, fyrirtækja, alþjóðlegra stofnana, félagasamtaka o.fl.

Ráðstafa skal fjármunum stofnunarinnar í samræmi við tilgang hennar, t.a.m. með ráðstefnuhaldi, fræðslu, fundum, rannsóknum og samstarfsverkefnum.

Stofnuninni er frjálst að afla sér styrkja og annarra fjárframlaga.

Stofnuninni er frjálst að afla sér fjármögnunar, þ.m.t. með sjálfsaflafé og/eða með lánsfé.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Heimsping kvenleiðtoga – Reykjavík Global Forum staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 29. apríl 2024.

Birna Ágústsdóttir.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 15. maí 2024